

Opinn fundur **skólaráðs** með foreldrum í Kópavogsskóla, haldinn þann 15. mars 2019.

Úr skólaráði mættu Guðmundur Ó. Ásmundsson, skólastjóri, kennararnir Birna Björnsdóttir og Svanborg Ísberg, Pálmi Gunnarsson, fulltrúi foreldra í skólaráði, Sólveig Helga Jóhannsdóttir, grenndarfulltrúi, Guðný Sigurjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri sem starfar með ráðinu og nemendafulltrúarnir Gunnlaugur Ernir Ragnarsson og Sigríður Lilja Sigurðardóttir.

Af foreldrahópi mættu 7 foreldrar.

Pálmi Gunnarsson, fundarstjóri, setti fund og kynnti umfjöllunarefni hans sem var ytri úttekt fulltrúa Menntamálastofnunar á Kópavogsskóla frá síðastliðinni haustönn. Fulltrúar þessir voru Kristín Sigurðardóttir og Oddný Eyjólfsdóttir. Úttektina er að finna á heimasíðu Kópavogsskóla, en á fundinu var að auki til umfjöllunar umbótaáætlun skólans sem unnin var í nóvember og desember 2018.

Skólastjóri gat þess í upphafi að skólaráð héldi árlega opinn fund með foreldrum Kópavogsskóla og útskýrði í kjölfarið með hvaða hætti úttektin hefði farið fram. Hann taldi til styrkleikaþætti skólans að mati úttektaraðila en taldi svo ýmislegt til sem betur mætti fara svo sem sýnileika ýmissa þátta eins og metanlegra hæfniviðmiða úr vinnu undangenginna ára við aðalnámskrá, kennsluáætlanana o.fl.

Guðný, aðstoðarskólastjóri og Birna, kennari í 7. bekk, kynntu metanleg hæfniviðmið aðalnámskrár, endurskoðun þeirra og uppsetningu inni á mentor og hvernig vinna kennara við námsmat birtist nemendum, foreldrum og kennurum sjálfum. Þá kom fram að margir kennarar setja heimavinnu inn á Google Classroom og svar við fyrirspurn úr hópi foreldra hvort GC og mentor væru tengd/samræmd var jákvætt. Fram kom með vorinu yrðu allir kennarar, langt komnir sem síður í námsmatsferlinu, farnir að starfa eftir bestu getu í nýja kerfinu og næsta vetur yrði full notkun þess komin í gang.

Guðmundur skólastjóri skýrði frá því að seinkun hefði orðið á yfirfærslu efnis yfir á nýja heimasíðu þar sem ákveðið var að endurskoða allt efnið um leið. Því verki á að vera lokið um páska. Í kjölfarið fjallaði skólastjóri um ýmislegt í innra mati skólans, svo sem eftirlitsskyldu skólastjórnenda varðandi kennsluáferðum kennara og ýmsu því er breytt er orðið í starfi kennarans með nýjum markmiðum aðalnámskrár og námsmati. Hann lét þess einnig getið að ytra mat Menntamálastofnunar væri nú orðið mun stífara en áður og svaraði

Því til eftir fyrirspurn foreldris um hvernær matið hefði breyst að eftir hrun hefði ýmislegt farið úr skorðum, ytra mat ætti að fara fram á 10 ára fresti en allt væri slíkt óvissu háð vegna fjármagns. Menntamálaráðuneytið sér um eftirfylgnina og því að umbótaáætlun sé fylgt. Úttektir frá og með haustinu 2018 eru með öðrum hætti en áður og fundarstjóri sagðist hafa skoðað eldri skýrslur hjá Menntamálastofnun 2017 sem væri gjörólíkar þeirri sem Kópavogsskóli hefði fengið.

Sólveig grenndarfulltrúi lét þess getið að foreldrar í skólaráði leggðu áherslu á að kennsluáætlanir væru sýnilegar foreldrum og því svaraði skólustjóri til að markmiðið væri að þær yrðu allar sýnilegar á GC á næsta skólaári.

Úr hópi foreldra kvaddi sér hljóðs foreldri sem sagðist ánægður með störf skólaráðs / skólans og taldi að nú gætu foreldrar fylgst vel með og hvatt börn sín til að gera hið sama.

Fundarstjóri sleit fundi rétt fyrir níu, en þá fóru stuttlega fram vangaveltur um hvernig hægt væri að koma upplýsingum til foreldra sem sæju sér ekki fært að mæta á fundi á vegum skólans/skólaráðs og hvernig væri hægt að ná fram betri fundarsókn foreldra.

Fundarritari var Svanborg Ísberg.